



Fundargerð - stjórnarfundur nr. 342

342. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs var haldinn 10. mars 2023 kl. 9.00 – 10.30 á skrifstofu Úrvinnslusjóðs, Suðurlandsbraut 24.

Dagskrá samkvæmt fundarboði:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Skilmálar
3. Sérstök söfnun
4. Þjónustuaðilar, umsóknir
5. Frauðplast
6. Ökutæki
7. Kynningar- og fræðslumál
8. Innheimta úrvinnslugjalda eftir 1. mars
9. Önnur mál

Fundinn sátu:

Stjórn:

Magnús Jóhannsson, formaður (MJ),
Lárus M.K. Ólafsson, varaformaður (LÓ),
Benedikt S. Benediktsson (BSB),
Eygerður Margrétardóttir (EM),
Guðný Hjaltadóttir (GH),
Hildur Hauksdóttir (HH),
Gunnar Dofri Ólafsson (GDÓ) varamaður sat fund í fjarveru Líf Magneudóttir (LM)

Starfsmenn Úrvinnslusjóðs:

Guðlaugur Gylfi Sverrisson (GGS)
Gunnlaug Einarsdóttir (GE)
Íris Gunnarsdóttir (ÍG)
Margrét Kjartansdóttir (MK), fundarritari.

Samantekt ákvarðana fundarins:

- Fundargerð 341 stjórnarfundar frá 16. febrúar 2023 var samþykkt.
- Skilmálar, umsóknar- og samningsform fyrir þjónustuaðila voru samþykkt
- Tillaga Úrvinnslusjóðs um fyrirkomulag við greiðslur vegna sérstakrar söfnunar hjá lögaðilum innan lóða var samþykkt
- Umsókn Sorpsamlags Strandasýslu bs um að gerast þjónustuaðili var samþykkt
- Umsókn Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs um að gerast þjónustuaðili var samþykkt
- Samþykkt var að endurgjald fyrir frauðplast sem:
 - Safnað er til endurvinnslu á söfnunarstöðvum Sorpu verði 225 kr./kg:

- Fer til endurvinnslu innanlands verði ISK 144 kr./kg.

Undir umræðu einstakra dagskrárliða óskuðu stjórnarmenn eftir að sett yrði á dagskrá stjórnar umfjöllun um:

- Endurgreiðslur vegna margnota vörubretta
- Fyrirkomulag tengt undanþáguákvæði 3. mgr. 7. gr a. laga nr. 161/2002 um úrvinnslugjald

Dagskrárliðir og umræður

1. Fundargerð

Fundargerð 341 stjórnarfundar frá 16. febrúar 2023 var lögð fram til samþykktar.
Fundargerð var samþykkt.

2. Skilmálar

Fyrir fundinn voru lögð uppfærð drög að skilmálum ásamt umsóknar-, og samningsformum fyrir þjónustuaðila. Umræður voru um áhrif innkomu nýrra aðila sem ekki falla beint inn í skilgreiningu á þjónustuaðila. Einnig var rætt um ákvæði um sérstaka söfnun sem ekki er enn komin reynsla á.

Óskuðu fulltrúar sveitarfélaga þess að eftirfarandi yrði bókað í fundargerð:

„Í skilmálum Úrvinnslusjóðs er gert ráð fyrir að greiðslur til sveitarfélaga byggist á gögnum sem verktakar á þeirra vegum skila til Úrvinnslusjóðs. Fulltrúar sveitarfélaga í stjórn Úrvinnslusjóðs óska eftir að sjóðurinn bregðist við ef þau gögn berast ekki af einhverjum ástæðum þannig að greiðslubátttaka Úrvinnslusjóðs í kostnaði sveitarfélaga vegna sérstakrar söfnunar verði tryggð.“

Skilmálar, umsóknar- og samningsform þjónustuaðila voru samþykkt með þeim breytingum sem lagðar voru til á fundinum. Ákveðið var að skoða skilmála nánar með tilliti til innleन्द्रar endurvinnslu.

3. Sérstök söfnun

Farið var yfir tillögu Úrvinnslusjóðs tengda fyrirkomulagi greiðslna vegna sérstakrar söfnunar heimilisúrgangs lögaðila innan lóða. Úrvinnslusjóður leggur til að greiðslur vegna söfnunar heimilisúrgangs verði, að svo stöddu, bundnar við greiðslur til sveitarfélaga, enda er fyrirkomulag við söfnun hans og flutningur á ábyrgð sveitarfélaga sbr. 8. gr. laga nr. 55/2003 og greiðslur eru bundnar við þann hluta úrgangs sem fallið getur undir skilgreiningu laga á heimilisúrgangi þ.e. að úrgangur sé að eðli og samsetningu sambærilegur við það sem fellur til á heimilum. Stjórn meti síðar hvort þessi ákvörðun verður endurskoðuð með hliðsjón af því hvernig Úrvinnslusjóði gangi að ná tölulegum markmiðum um endurvinnslu.

Stjórn gerði ekki athugasemd við tillögu og samþykkti að framkvæmd greiðslna yrði að svo stöddu í samræmi við hana.

4. Þjónustuaðilar

Úrvinnslusjóður hefur mótttekið og yfirfarið umsóknir Sorpsamlags Strandasýslu bs og Sorpstöðvar Rangárvallarsýslu bs um að gerast þjónustuaðilar. Aðilar uppfylla skilyrði sem gerð eru til þjónustuaðila og mælir Úrvinnslusjóður því með að umsóknir verði samþykktar

Stjórn samþykkti umsóknir Sorpsamlags Strandasýslu og Sorpstöðvar Rangárvallarsýslu um að gerast þjónustuaðilar.

Stjórnarmaður Gunnar Dofri Ólafsson vék af fundi

5. Frauðplast

Fyrir fundinn lá tillaga um nýtt endurgjald vegna frauðplast, tillaga byggir m.a. á niðurstöðum tilraunaverkefnis Sorpu um endurvinnslu frauðplasts.

Tillagan er eftirfarandi:

Endurgjald til endurvinnslu

Gerð er tillaga um að endurgjald fyrir frauðplast sem safnað er til endurvinnslu og sent úr landi pressað verði 225 kr./kg, og að endurgjald fyrir frauðplast sem fer til endurvinnslu innanlands ópressað verði ISK 144 kr./kg.

Tillaga um endurgjald vegna frauðplasts var samþykkt.

Stjórnarmaður GBÓ kom aftur inn á fundinn.

6. Ökutæki

Stjórn úrvinnslusjóðs hefur borist erindi Furu ehf. varðandi fyrri ákvörðunar sjóðsins um frestun greiðslna vegna flokkunar á gleri og plasti úr ökutækjum. Einnig óskar Fura eftir leiðbeiningum vegna flokkunar tróðs úr ökutækjum.

Erindi sem var til kynningar fyrir stjórn verður svarað af skrifstofu Úrvinnslusjóðs.

7. Kynningar- og fræðslumál

a) Fjallað var um styrkbeiðni Republic vegna gerðar sjónvarpsþátta um hringrásarhagkerfið. Úrvinnslusjóður og stjórn líta beiðni jákvæðum augum. Ákveðið var að fresta ákvörðun um styrkveitingu þar til staðfestar hefðu verið verklagsreglur Úrvinnslusjóðs um styrkveitingar. Reglur verða lagðar fyrir stjórn til staðfestingar á næsta fundi. Framkvæmdastjóra var falið að upplýsa forsvarsmann Republic um stöðu málsins.

b) Úrvinnslusjóður óskaði eftir heimild stjórnar til að hefja vinnu við lögboðið kynningar- og fræðslustarf. Stjórn kallaði eftir frekari upplýsingum auk þess sem þess var óskað að skoðað verði hvort löggjafi hafi ætlast til þess að Úrvinnslusjóður annist framkvæmd kynninga og fræðslu eða hvort

úrvinnslugjald eigi að standa undir styrkjum til þriðju aðila sem sinna þessari skyldu.

8. Innheimta úrvinnslugjalds eftir 1. mars sl.

Reifuð eru vandamál sem komið hafa upp í tengslum við nýja innheimtu úrvinnslugjalds af umbúðum. Vandamál tengjast upplýsingagjöf við tollskýrslugerð þar sem innflytjendur búa ekki yfir og geta ekki nálgast umbeðnar upplýsingar. BSB og starfsmenn Úrvinnslusjóðs hafa verið í samskiptum við Umhverfiráðuneyti, toll- og skattayfirvöld vegna málsins. BSB hefur miðlað til þeirra upplýsingum um erfiðleika félagsmanna sinna. Stjórn ræðir um möguleg úrræði. Málið er að svo stöddu á borði ráðuneytis en stjórn og skrifstofa Úrvinnslusjóðs munu einnig áfram leita lausna.

9. Önnur mál

Kynnt var tillaga um nýtt einingarverð endurgjalds og flutningsjöfnunar fyrir olíu.

Lagt verður til að endurgjald verði ISK 29,61 kr./kgIS og að gjald vegna flutningsjöfnunar verði ISK 49,06 kr./kg.

Ákveðið að næsti fundur verði haldinn þann 31. mars nk. kl. 9.00 í húsakynnum Úrvinnslusjóðs.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 10.58